



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í tilefni af
Mannréttindadegi barna
2016**

Mér er það heiður og gleði að flytja hér ávarp í boði Barnaheilla. Mannréttindadagur barna er haldinn 20. nóvember ár hvert að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna. Þar sem hann ber upp á sunnudag í ár er dagurinn í dag helgaður þessum verðuga málstað í skólum landsins. Um leið er okkur fullorðna fólkinu hollt að minnast þeirrar ríku ábyrgðar sem við berum gagnvart börnum þessa heims, innanlands og utan landsteinanna.

Þegar búseta norrænna manna hófst hér á landi fæddust börn inn í grimma veröld. Útburður var leyfður, börnum var gert að strita frá unga aldri. Aldirnar liðu án þess að hagar þeirra vænkaðist. Annálar síðmiðalda geyma frásagnir af sölu barna til annarra landa, vinnuhörku og vondu atlæti. Smám saman jókst mannúðin þó. Í Húsagatilskipun Danakonungs árið 1746 voru barsmíðar á börnum bannaðar. Ströngum aga skyldu þau samt ennþá beitt:

Foreldrum ber að straffa börnum með alvarlegum orðum, ... þó fyrir utan blót og ósæmileg illyrði, ellegar so með hendi og vendi eftir ásigkomulagi yfirsjónarinnar. Mögli börnin eður láti sjá á sér fúlt, reiðuglegt andlit, þá tyftist þau með því meiri alvörugefni, þangað til þau læra að sýna sig ástúðleg og auðmjúk.

Formlega mun Húsagatilskipunin hafa verið í gildi til 1930. Vissulega breyttist margt til batnaðar þær aldir sem liðu en það sjónarmið var þó enn ráðandi að börn skyldu fyrst og fremst vera þæg og hlýðin og vinna – leggja sitt af mörkum – um leið og þau hefðu aldur til. Vert er að minnast kvæðis Káins, með sínu kaldhæðnislega yfirbragði:

Farð' að sofa, blessað barnið smáa,
brúkaðu ekki minnsta fjandans þráa.
Haltu kjafti! Hlýdd' og vertu góður!
Heiðra skaltu föður þinn og móður.

Þegar leið á síðustu öld skildu sífellt fleiri í samfélaginu að börn þurfa ástúð með aðhaldi frekar en stífan aga, frelsi í stað fjötra. Enn var þó verk að vinna. Börn þurftu mörg að þola órétt, fátækt og einelti. Í fyrradag hlaut Sigurður Pálsson Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar. Í endurminningum sínum lýsir hann því hvernig skólabörnum var í hans æsku skipt eftir meintri getu í góða bekki og svonefnda „tossabekki“. „Þessi dilkadráttur var ákvörðun um örlög fyrir lífið, hvorki meira né minna,“ skrifar skáldið.

Bág kjör gátu líka bitnað á saklausum börnum. Nýlega lýsti kona nokkur uppvesti á Íslandi á seinni hluta síðustu aldar með þessum orðum:

Það er erfitt að lýsa fátækt. Fátæktin rænir mann mörgu og henni fylgir ákveðin skömm. Kennararnir sögðu: Segðu mömmu þinni að þú eigir að koma með nesti. En það var aldrei til nesti. Við áttum ekki góð föt og notuðum Rauðakrossteppi sem sængur. Stundum vorum við klædd í ullarsokka og plastpoka utan yfir af því að við áttum ekki skó.

Og stundum voru börn börnum verst. Vei þeim sem ekki féll í fjöldann, stóð berskjaldaður utan hans. Nístingssárar eru lýsingar fórnarlamba á því einelti sem gat viðgengist í skólum landsins, einmitt þar sem skjól fullorðna fólksins átti að vera tryggt. Það er eilítil huggun harmi gegn að sá sem rifjaði upp þær minningar, sem ég nú rek, átti eftir að spjara sig í lífinu, en svo gilti alls ekki um alla sem máttu sín lítils gegn ofureflinu:

Þegar ég var krakki var ég líklega svolítið „spes“ og varð því fyrir einelti; var velt upp úr drullupollum og hrækt upp í mig. Eftir leikfimitíma voru fötin mín falin hingað og þangað, þannig að ég var kannski ekki búinn að klæða mig þegar næsti bekkur kom – sem endaði með því að ég skrúpaði bara í leikfimi. En – innst inni vissi ég þó að ég var ekki eins heimskur vitleysingur og stóru töffararnir sögðu mig vera.

Ég trúí því að heimurinn fari batnandi, þótt enn megi margt svo miklu betur fara. Í dag reynum við að aðstoða börn sem búa við kröpp kjör, líka þau sem njóta ekki þess öryggis innan veggja heimilisins sem þau eiga skilið. Við viljum útrýma einelti og fræðum börn og fullorðna um það böl, ekki síst fyrir tilstilli Barnaheilla.

Frá stofnun samtakanna árið 1989 hafa þau unnið að því að bæta hag barna. Sýn þeirra er skýr, „heimur þar sem réttur sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og þátttöku er virtur“. Þótt liðsmenn Barnaheilla hugsu helst um hag ungviðis innanlands beina þeir sjónum líka að ógæfu barna sem lenda í hamförum eða á vígvelli úti í heimi. Í stríði verða börn einna verst úti, varnarlaus gagnvart grimmd hinna fullorðnu. Í kvæði sínu, „Ég ferðaðist með bilaða ritvél“, lýsir Hrafn Jökulsson rithöfundur því hvernig ófriður rænir börn æsku, sakleysi, gildum og mannlegri reisn:

Ég ferðaðist með bilaða ritvél yfir hálfu Evrópu til þess eins að verða orðlaus yfir fótalausum betlaranum sem söng í Sarajevo

til þess eins að eiga ekki orð þegar tólf ára munaðarleysingi bauð mér ellefu ára systur sína fyrir andvirði einnar vodkaflösku.

Veröldin er grimm. Hætt er við að okkur fallist hendur eða að við yppum öxlum andspænis vanda sem virðist okkur ofviða, eða jafnvel að við verjum afskiptaleysi með því að segja að hver sé sjálfum sér næstur. En við höldum í heiðri mannréttindadag barna einmitt til þess að sporna gegn sinnuleysi og minna á rétt okkar minnstu bræðra og systra, auk augljósra grunngilda siðaðs samfélags; samúðar, væntumþykju og kærleika, kristilegs eða af öðrum trúartoga eins og hverjum hentar.

Lög og reglur eiga líka að veita börnum vernd. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna gildir hér á landi. Í honum er réttur barna varinn sem hér segir:

Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra.

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

Þetta eru falleg orð. Allir sem virða réttindi barna og reglur réttarríkisins hljóta að vilja að eftir þeim sé farið, nema annar

lagabókstafur þyki þessum æðri. En við bætum ekki heiminn með því að
sniðganga þau réttindi barna sem við höfum ákveðið að veita og verja.